

## Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjármagnstekjur og raunávöxtun váttryggingaskulda tryggingafélaganna.

Svar þetta byggist á upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Rétt er að geta þess að Fjármálaeftirlitinu hafa ekki verið sendir ársreikningar váttryggingafélaga og tengd gögn fyrir árið 2006, þar sem frestur skv. 47. gr. laga nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi, er ekki liðinn. Í svörum Fjármálaeftirlitsins er því stuðst við uppgjör árunna 2001–2005. Gögn Varðar Íslandstryggingar hf. yfir árin 2001–2004 eru samanlögð gögn Varðar váttryggingafélags hf. og Íslandstryggingar hf.

1. *Hversu miklum fjármagnstekjum vegna váttryggingaskuldar (í krónum og sem hlutfall af heildarfjármagnstekjum) var skilað inn í skaðatryggingagreinar hjá tryggingafélögunum á sl. 5 árum, sundurliðað eftir árum, skaðatryggingagreinum og váttryggingafélögum?*

Töflurnar fjórar hér á eftir sýna hvernig fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri sundurliðast á hverja grein skaðatrygginga á árunum 2001–2005 fyrir fjögur stærstu skaðatryggingafélögin.

<b>Sjóvá-Almennar tryggingar hf.</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Eignatryggingar	72.694	35.221	153.618	150.106	165.409
Sjótryggingar	11.816	5.091	22.623	20.592	10.016
Flugtryggingar	10	0	201	143	1.749
Farmtryggingar	10.676	4.720	18.927	16.738	8.676
Ökutækjatryggingar	1.036.073	469.730	1.573.256	1.137.857	1.168.905
Greiðslu- og efndaváttryggingar	557	170	1.181	1.734	1.912
Ábyrgðartryggingar	109.575	51.430	180.144	131.375	152.100
Slysa- og sjúkratryggingar	88.013	47.109	184.049	153.554	175.512
Endurtryggingar	73.921	26.708	73.814	46.857	36.964

<b>Tryggingamiðstöðin hf.</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Eignatryggingar	43.140	44.490	76.692	69.965	57.163
Sjótryggingar	60.817	56.380	85.637	56.122	32.010
Flugtryggingar	655	388	356	183	40
Farmtryggingar	14.384	15.898	23.881	14.710	11.115
Ökutækjatryggingar	521.443	503.726	766.303	600.028	565.720
Greiðslu- og efndaváttryggingar	1.847	2.219	-553	-4.425	-4.475
Ábyrgðartryggingar	109.390	99.526	133.753	82.864	69.522
Slysa- og sjúkratryggingar	79.493	92.193	198.573	163.955	149.872
Endurtryggingar	22.203	14.753	19.804	11.866	6.634

<b>Vátryggingafélag Íslands hf.</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Eignatryggingar	85.943	66.450	88.370	79.850	72.940
Sjótryggingar	15.200	11.900	14.800	13.920	13.280
Flugtryggingar	0	0	0	0	0
Farmtryggingar	7.920	4.900	6.140	6.390	6.040
Ökutækjatrýggingar	1.169.420	836.100	1.191.095	1.181.167	1.098.390
Greiðslu- og efnðavátryggingar	360	130	330	650	590
Ábyrgðartryggingar	118.310	86.390	121.100	127.900	127.360
Slysa- og sjúkratryggingar	201.150	150.240	226.200	233.700	196.380
Endurtryggingar	13.060	8.540	11.320	10.210	9.190

<b>Vörður Íslandstrygging hf.</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Eignatryggingar	188	282	1.741	7.202	15.311
Sjótryggingar	1.799	1.036	748	2.504	7.040
Farmtryggingar	55	4	175	501	822
Ökutækjatrýggingar	6.249	7.468	17.646	42.553	65.799
Greiðslu- og efnðavátryggingar	0	0	19	151	200
Ábyrgðartryggingar	1.401	893	1.001	2.445	4.049
Slysa- og sjúkratryggingar	471	529	1.538	3.316	6.662
Endurtryggingar	654	223	432	284	0

Næsta tafla sýnir fjárfestingartekjur yfirfærðar á vátryggingarekstur í heild fyrir hvert þessara félaga.

<b>Fjárfestingartekjur yfirfærðar á vátryggingarekstur í heild</b>					
	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	1.403.334	640.179	2.207.814	1.658.957	1.721.241
Tryggingamiðstöðin hf.	853.371	829.519	1.304.446	995.268	887.601
Vátryggingafélag Íslands hf.	1.611.363	1.164.650	1.659.355	1.653.787	1.524.170
Vörður Íslandstrygging hf.	10.817	10.664	23.302	58.957	99.884

Tekjur vátryggingafélaga af heildarfjármálarekstri eru ekki sundurliðaðar á vátrygginga- greinar.

Næsta tafla sýnir hlutfall fjárfestingartekna af vátryggingarekstri félaganna í heild af tekjum af fjármálarekstri. Hlutföllin gefa til kynna hversu mikinn hluta fjárfestingartekna sinna vátryggingafélögin telja mega rekja til þess sem þau telja raunhæfa ávöxtun af vátryggingaskuld. Hlutföllin ráðast annars vegar af stærð vátryggingaskuldar í hlutfalli af efnahagsreikningi félagsins og hins vegar af vup-viðmiðunarvaxtafæti (sjá svör við 2. og 3. lið).

<b>Hlutfall fjárfestingartekna af vátryggingarekstri af tekjum af fjármálarekstri</b>					
	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	92%	74%	37%	27%	28%
Tryggingamiðstöðin hf.	79%	66%	64%	30%	9%
Vátryggingafélag Íslands hf.	86%	77%	77%	44%	13%
Vörður Íslandstrygging hf.	79%	53%	55%	66%	73%

2. *Hversu mikil raunávöxtun vegna váttryggingaskuldar var tekjufærð inn á skaðatryggingagreinar hjá tryggingafélögum á sl. 5 árum, sundurliðað eftir árum, skaðatryggingagreinum og váttryggingafélögum?*

Í eftirfarandi töflu má sjá vaxtafót sem notaður var við ákvörðun fjárfestingartekna af váttryggingarekstri. Taflan sýnir upplýsingar fyrir sömu váttryggingafélög og í 1. lið. Sýndur er vaxtafótur að nafnvirði sem og raunávöxtun sem fæst með því að taka tillit til hækkana á vísitölu neysliverðs á árinu. Vaxtafóturinn er sá sami fyrir allar váttryggingagreinar.

	2001		2002		2003		2004		2005	
	Nafn	Raun	Nafn	Raun	Nafn	Raun	Nafn	Raun	Nafn	Raun
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	10,3%	1,6%								
Váttryggingafélag Íslands hf.	10,5%	1,7%	7,0%	4,9%	9,6%	6,6%	9,5%	5,4%	9,1%	4,8%
Tryggingamiðstöðin hf.	10,7%	1,9%	9,3%	7,2%	13,8%	10,7%	9,1%	5,1%	8,8%	4,5%
Vörður váttryggingafélag	10,5%	1,7%	8,2%	6,1%	10,7%	7,7%	6,1%	2,1%	8,0%	3,7%
Íslandstrygging hf.			5,6%	3,5%	6,1%	3,2%	10,2%	6,1%		

Árin 2002–2005 gáfu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. upp aðferð við útreikning vaxtafótar en ekki vaxtafótinn sjálfan. Árið 2005 voru Vörður og Íslandstrygging sameinuð í Vörð Íslandstryggingu hf.

3. *Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við hvernig fjármagnstekjur og raunávöxtun hefur skilað sér inn í skaðatryggingagreinar á sl. 5 árum?*

Í 10. gr. upphaflegrar reglugerðar nr. 613/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga, segir að fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri skuli vera reiknuð ávöxtun af meðaltali eigin váttryggingaskuldar í upphafi og lok reikningsársins auk reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á eigin váttryggingaskuld. Við vaxtaútreikninginn skuli nota vaxtafót sem er jafnhár og meðaltal ávöxtunarkröfu á reikningsárinu af þriggja til fimm ára verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs í viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands (nú Kauphöll Íslands) og skuli Váttryggingaeftirlitið (nú Fjármálaeftirlitið) birta váttryggingafélögum þessa viðmiðun.

Í breytingum sem gerðar voru á reglugerðinni með reglugerð nr. 956/2001 var ákvæðinu breytt á þann veg að við ákvörðun vaxtafótar skyldi miða við eðlilega ávöxtun í samræmi við fjárstreymi í váttryggingarekstrinum. Þannig var horfið frá því að Fjármálaeftirlitið skyldi ákveða vaxtafót við ákvörðun fjárfestingartekna af váttryggingarekstri. Jafnframt var felld niður ákvæði um að taka skyldi tillit til áhrifa verðlagsbreytinga.

Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2002, um reikningsskil váttryggingafélaga, voru gefin út í kjölfar skýrslu nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði til að endurskoða reglugerðir um ársreikninga váttryggingafélaga. Nefndin skilaði álit í lok nóvember 2001. Tilmælin fjalla um framkvæmd á nefndri reglugerð nr. 613/1996. Í 8. tölul. tilmælanna segir að sem vaxtafót megi hvort sem er nota ytri viðmiðun, eins og kveðið var á um í ákvæðum eldri 10. gr. eða ávöxtun úr starfsemi félagsins. Ákvæði reglugerðar nr. 646/1995, um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélaga, kunna að takmarka ávöxtunarmöguleika, þannig að réttlætunlegt getur verið að nota vaxtafót sem er annar en meðalávöxtun félagsins.

Ákvörðun vaxtafótar við ákvörðun fjárfestingartekna af váttryggingarekstri og viðmiða þar að lútandi er á ábyrgð váttryggingafélaganna sjálfra og birtast niðurstöður þar að lútandi í endurskoðuðum ársreikningi. Eftirlit Fjármálaeftirlitsins felst í því að skoða hvort viðmiðin eru innan eðlilegra marka miðað við rökstuðning félaganna. Fjármálaeftirlitið hefur á síðastliðnum fimm árum ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við viðmið félaganna.